

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/1164*  
*komudagur 27.2.2012*

Nefndasvið Alþingis  
B.t. Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík , 27. febrúar 2012

**Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til breytinga á tollalögum nr. 88/2005, með síðari breytingum.**

**I. Almennt**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á tollalögum með síðari breytingum sem lagt var fyrir á Alþingi á 140. löggjafarþingi. Félagsmenn Félags atvinnurekenda hafa mikla hagsmuni af því að vandað sé vel til verka þegar tollalöggjöfinni sé breytt og að slíkt fari fram að vel ígrunduðu máli.

**II. Athugasemdir**

Félag atvinnurekenda gerir nokkrar athugasemdir við umrætt frumvarp og eru þær eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er í 1. gr. frumvarpsins lagt til að gildistími bindandi álita um tollflokkun verði tímabundinn, þ.e. gildi í 6 ár frá birtingardegi, í stað þess að vera ótímabundinn líkt og gildandi lög gera ráð fyrir. Bindandi álit þjóna hinsvegar mikilvægu hlutverki við að tryggja réttindi borgaranna í samskiptum þeirra við hið opinbera og eru í raun sambærileg við aðrar stjórnvaldsákvarðanir. Þær eru einungis skuldbindandi í því tilfalli sem þær taka til hverju sinni. Það liggur því í hlutarins eðli að sambærileg tilvik skuli hljóta sambærilega meðferð og ósambærileg tilvik ólíka meðferð. Ef andlag álitsins breytist á gildistíma þess þá er það sjálfstætt athugunarefni hvort að álitid gildi áfram um hið breytta andlag álitsins. Það sama á við ef breytingar verða á tollskránni eða lögum. Það er því óþarft að takmarka gildistíma bindandi álita í tíma. Þvert á það að þjóna þeim markmiðum sem lýst er að framan er líklegra að breytingin opni fyrir geðþóttaákvæðanir viðkomandi stjórnvalds þar sem það freistast til að breyta fyrri ákvörðunum sínum án þess að fyrir séu þær forsendur sem lýst er hér að framan.

Því hefur verið teft fram sem röksemdarfærsla fyrir ofangreindri breytingu að innan ESB sé gildistími slíkra bindandi álita 3 ár. Sú röksemdarfærsla er hins vegar vart tæk í þessu samhengi. Annars vegar er um að ræða reglu sem ætlað er að samræmi ákveðið fyrirkomulag á milli ríkja og tekur þar með tillit til mismunandi þarfa og fyrirkomulags margra þjóða. Þær þjóðir eru svo mis sterkar stjórnslu hefðir og mismunandi lagaramma þar um. Hins vegar er um að ræða reglu sem á að gilda fyrir eitt ríki, Ísland, og þarf einungis að taka mið af þeim hefðum og réttarreglum sem þar gilda. Af því leiðir að reglur ESB eru ekki tækar sem fyrirmynd að þeirri 6 ára reglu sem lögð er til í frumvarpinu.

Í öðru lagi er í 2., 3. og 7. gr. frumvarpsins lagt til að sjö daga frestur hraðsendingarfyrirtækja til að skila inn aðflutningsskýrslum til tollstjóra verði felldur niður. Talið er afar brýnt að fella ákvæðið brott enda hefur ákvæðið í för með sér aukna hættu á að ólögleg vara komist inn í landið. Verði það samþykkt mun tollstjóri gera viðeigandi ráðstafanir til að afhendingartími hraðsendinga verði sá sami og áður. Athugasemd FA við þetta ákvæði er af praktískum toga. Mörg fyrirtæki eru í þeirri stöðu að treysta á hraðsendingar en slíkar sendingar torveldaðar verði tillagan að lögum. Má þar t.d. nefna lyfjainnflytjendur og innflytjendur ýmiskonar varahluta í lækningatæki. Oft liggur mikið á að fá slíkar vörur til landsins. Þá eru ótalin þau tilvik þar sem þjóðhagslega mikilvæg starfsemi kann að vera teft í tvísýnu t.d. þegar bilanir ógna starfsemi stórra framleiðslufyrirtækja og útgerð fiskiskipa.

Í þriðja lagi er í 5. gr. frumvarpsins lagt til að heimilt verði að flytja vöru úr umflutningsgeymslu yfir í annars konar geymslur fyrir ótollafgreiddar vörur. Samkvæmt núgildandi lögum er slík færsla á vöru í umflutningi óheimil. Breytingin mundi bæta rekstrarskilyrði umflutningsgeymslna án þess þó að torvelda tolleftirlit um of. Ekki er gerð athugasemd við viðkomandi breytingu.

Í fjórða lagi er í 6. gr. frumvarpsins lagt til að frestur tollstjóra til þess að kveða upp úrskurð við endurákvörðun aðflutningsgjalda verði lengdur úr 30 dögum í 60 daga frá lokum þess frests sem innflytjanda var veittur til andmæla. Þau mál sem eru til umfjöllunar hjá tollstjóra geta oft og tíðum verið tímafreakari en svo að umræddur 30 daga frestur nægi til að fullvinna málin. FA er þeirrar skoðunar að 30 daga frestur stjórnvaldsins til að kveða upp úrskurð sé fullnægjandi. Sé það vandkvæðum bundið að ljúka meðferð mála innan þess tímaramma er eðlilegra að stjórnvaldið bæti málsmeðferð sína með því að leggja meira þúður í framkvæmdina í stað þess að lengja í frestum. Reynslan sýnir að frestir stjórnvaldsins eru í flestum tilfellum fullnýttir hversu langir sem þeir kunna að vera. Þá er samanburður við ákvæði skattalaga ótækur enda eðlisólíkt að endurákvarða aðflutningsgjöld annars vegar og álagningu skatta hins vegar.

Í 10. gr. frumvarpsins eru svo í sjötta og síðasta lagi lagðar til auknar heimildir til gjaldtöku af hálfu tollstjóra þegar óskað er viðveru tollvarða utan almenns afgreiðslutíma. Í 4. og 9. gr. frumvarpsins er jafnframt að finna ákvæði sem ætlað er að lagfæra texta laganna til skýringar og samræmis. Greinin eins og hún liggur fyrir er nokkuð losaraleg m.v. að um sé að ræða gjaldtökuheimild. Ráðlegt kann að vera að skerpa á henni og m.a. tiltaka að embættið skuli gefa út gjaldskrá m.v. umræddar viðmiðanir.

### **III. Annað**

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Almar Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri